

Nd.

967. Nefndarálit

[38. mál]

um frv. til l. um breyt. á og viðauka við lög nr. 29 26. maí 1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. á nokkrum fundum. Til fundar við nefndina komu fulltrúar BSRB og ASÍ og lýstu skoðunum sínum.

Fjármálaráðuneytið hefur sent nefndinni bréf varðandi málið sem fylgir nefndarálitinu. Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt með þeim skilningi varðandi 1. gr. er fram kemur í bréfi fjármálaráðuneytisins.

Alþingi, 19. maí 1981.

Halldór Ásgrímsson,
form., frsm.

Jón Ingi Ingvarsson.

Guðm. J. Guðmundsson.

Fylgiskjal.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
18. maí 1981.

Fjárhags- og viðskiptanefnd
neðri deildar Alþingis.

Að gefnu tilefni vegna umræðna um 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 68/1980 vill ráðuneytið taka eftirfarandi fram:

Lagagrein þessari er eíngöngu ætlað að opna leið fyrir þær sjálfseignarstofnanir og aðrar stofnanir, sem undir hana falla, til að afhenda fjármálaráðherra umboð til að semja fyrir þeirra hönd við BSRB og aðildarfélög þess um kjör þeirra starfsmanna sem eru í BSRB. Þetta gildir þó einungis í þeim tilvikum að stjórn viðkomandi stofnunar ákveði að afhenda fjármálaráðherra slíkt samningsumboð. Ákvæðið breytir á engan hátt samningsstöðu annarra launþegasamtaka við ríkið, sbr. bréf fjármálaráðherra frá 31. 10. 1980 til ASÍ. Í bréfi þessu segir að félagar innan ASÍ eða sér-sambanda þess njóti forgangsréttar til allra þeirra starfa sem nú eru samningsbundin við ASÍ. Ekki verði gerðir neinir samningar við aðra aðila um þau störf, sem félagsmenn ASÍ starfa nú við, og að þetta taki til starfa á vegum ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja. Yfirlýsing þessi mun einnig gilda gagnvart öllum stofnunum sem fjármálaráðherra kann að fá samningsumboð fyrir.

Meginregla laganna um kjarasamninga BSRB er sú, að fjármálaráðherra fari einn með vinnuveitendahlíð þeirra kjarasamninga sem gerðir eru samkvæmt lögum. Frá þessari meginreglu eru tvær undantekningar. Önnur er sú að forsetar Alþingis gera sérkjarasamning við starfsmenn Alþingis, en hin að sveitarstjórnir gera aðal- og sérkjarasamninga við starfsmenn sína. Bráðabirgðalögin nr. 68/1980 breyta engu í þessu efni. Það skal enn tekið fram að ofangreind lagagrein kemur því einungis til framkvæmda að stjórn viðkomandi stofnunar ákveði að afhenda fjármálaráðherra umboð sitt til samningagerðar við starfsmenn. Enn sem komið er hefur ákvæðið ekki komið til framkvæmda.

Ragnar Arnalds.

Þorsteinn Geirsson.